



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

3. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki. 334. mál

Hinn 26. nóvember sl. barst Samtökum ferðapjónustunnar og Samtökum atvinnulífsins (hér saman nefnd „samtökin“) beiðni um umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi samtakanna og vilja samtökin koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Samtökin leggja til að undantekningarákvæði 3. másl. 2. mgr. 5. gr. verði breytt í almenna heimild sem gildi fyrir alla rekstraraðila, en ekki eingöngu þá rekstraraðila sem falla undir 1. másl. 2. mgr. 5. gr.

Neðangreindar breytingar verði því gerðar á frumvarpinu:

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 5. gr. fellur brott.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Við umsókn rekstraraðila er heimilt að miða útreikning á styrkfjárhæð við fjölda stöðugilda í sama mánuði 2019.

1. Efnahagssamdráttur

Mikil óvissa ríkir um efnahag landsins og í heiminum öllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Kórónuveiran hefur hrundið af stað metsamdrætti í efnahagslífinu. Samtökin benda á að á þriðja ársfjórðungi ársins mældist samdráttur í landsframleiðslu hér á landi 10,4% á milli ára. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs leikur ferðapjónustan lykilhlutverk og því er mikilvægt að hún komi sterk til baka til að leiða hina margumtöluðu viðspyrnu. Stærsta áskorun stjórnvalda er að skapa góð skilyrði fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Með jákvæðum fréttum af bóluefni aukast líkur á að ferðamenn fari að sækja Ísland heim á nýjan leik og gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir að allt að 900 þúsund manns gætu lagt leið sína til Íslands á næsta ári. Hins vegar gera aðrar spár ráð fyrir færri ferðamönnum. Áframhaldandi óvissa á landamærum eykur ekki tiltrú greiningaraðila á að spá stjórnvalda um 900 þúsund ferðamenn raungerist.

Í nóvemberhefti Peningamála Seðlabanka Íslands segir m.a. að farsóttin hafi virst í rénun í sumar en mikil fjölgun smita orðið í haust og vetur. Þá sé bakslag í viðsnúningi í heimsbúskapnum, mikill samdráttur útflutnings og lakari horfur í hagkerfinu sem leiðir af sér meiri samdrátt en spáð hafði verið í ár. Þá sé gert ráð fyrir hægari bata á næsta ári, og meira og þrálátara atvinnuleysi en áður var spáð.

2. Verkefni stjórnvalda

Verkefni stjórnvalda nú er að skapa fyrirtækjum, stórum sem smáum, skilyrði til þess að þau verði í stakk búin fyrir kröftuga viðspyrnu. Kröftug viðspyrna ferðapjónustu er lykill að hröðum efnahagslegum viðsnúningi þjóðarinnar upp úr neikvæðum áhrifum faraldursins. Aðgerðir stjórnvalda hingað til hafa m.a. skapað fyrirtækjum skilyrði til að lækka launakostnað, til að viðhalda



ráðningarsambandi við starfsfólk þar sem því verður við komið og styrkt möguleika fyrirtækja til að afla lánsfjár og nýta greiðsluskjól til að vinna úr erfiðri stöðu. Þau úrræði sem kynnt hafa verið nú í haust, tekjufallsstyrkir og viðspyrnustyrkir, miða að því að bæta fyrirtækjum upp tekjufall og styðja við möguleika þeirra til að vinna úr skuldsetningu, uppsöfnuðum kostnaði og vanda við að halda ráðningarsambandi við lykilstarfsfólk til að tryggja að m.a. þekking og viðskiptasambönd glattist ekki.

Afar mikilvægt er að með úrræðunum sem hér eru kynnt hverfa stjórnvöld frá úrræðum sem auka skuldsetningu fyrirtækja (s.s. stuðningslánnum) og taka upp úrræði sem koma til móts við tekjufall með beinum styrkveitingum. Er það skynsamleg nálgun í ljósi þess að efnahagslegra áhrifa faraldursins mun gæta lengur en áætlað var þegar lánaúrræði voru fyrst kynnt. Tekjufallsstyrkir og viðspyrnustyrkir (með þeirri breytingu sem hér er lögð til) eru þannig líklegir til að draga úr uppsöfnuðum kostnaði og skuldaaukningu fyrirtækja og þannig auðvelda hraðari vöxt þeirra þegar ferðavilji glæðist á ný.

Þegar viðlíka aðgerðir eru settar fram er mikilvægt að tæknileg atriði í útfærslu þeirra, s.s. innbyggðar þátttökugirðingar eða reiknireglur styrkfjárhæða hamli ekki nýtingu aðgerðanna og þar með mikilvægu samhengi þeirra við fyrri aðgerðir.

3. Frumvarp til laga um viðspyrnustyrki

Líkt og kemur fram í frumvarpinu er markmið þess að stuðla að því að rekstraraðilar sem hafa orðið fyrir tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða stjórnvalda til að verjast útbreiðslu hennar geti viðhaldið nauðsynlegri lágmarksstarfsemi á meðan áhrifa faraldursins gætir, varðveitt viðskiptasambönd og tryggt viðbúnað og að mögulegt verði að svara eftirspurn þegar áhrifin af faraldrinum dvína. Úrræðið er til að þess að styðja við rekstur fyrirtækja fram á mitt ár 2021.

Athygli vekur að þótt greinilegt sé að sambærileg nálgun eigi við um viðspyrnustyrki og tekjufallsstyrki eru þátttökuskilyrði þrengd. Skilyrði um tekjufall hafa verið þrengd úr að minnsta kosti 40% í að minnsta kosti 60% skv. frumvarpi um viðspyrnustyrki. Þá hefur viðmið styrkfjárhæðar verið lækkað úr því að vera að hámarki 100% af rekstrarkostnaði aðila á umsóknartímabilinu skv. tekjufallsstyrkjum í að vera að hámarki 90% af rekstrarkostnaði aðila á umsóknartímabilinu skv. frumvarpi um viðspyrnustyrki. Þannig er í raun verið að framlengja tekjufallsstyrkjaúrræðið en veita færri fyrirtækjum styrk. Samtökin benda á að skynsamlegt geti verið að betra samræmis gæti í skilyrðum milli aðgerða sem spretta af sama grunni.

Í kafla um áhrif á ríkissjóð í frumvarpinu kemur fram að úrræðið sé ætlað rekstraraðilum óháð stærð og rekstrarformi en nýtist þó hlutfallslega best minni aðilum vegna hámarks styrkfjárhæðar upp á 2,5 milljónir króna í hverjum almanaxsmánuði fyrir aðila sem hafa orðið fyrir a.m.k. 80% tekjufalli.

Síðar í kaflanum er bent á skort á nákvæmri tölfræði frá Hagstofu um rekstrarkostnað og fjölda stöðugilda fyrirtækja í gagnagrunninum. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að farin hafi verið sú leið að meta stöðugildi út frá meðalfjölda launþega samkvæmt staðgreiðsluskrá og hreyfingaskrá á almanaksárinu 2019. Einnig að líklegt sé að fjöldi stöðugilda sé ofmetinn í útreikningum Hagstofu og því styrkfjárhæðin einnig. Í framhaldinu kemur fram að styrkur til hvers fyrirtækis hefði verið áætlaður út frá tekjutapi, tekjufallsþrepi og mati á fjölda stöðugilda.

Vegna áhrifa faraldursins eru stöðugildi á árinu 2019 ekki í neinu samræmi við stöðugildi í lok árs 2020 og upphafi árs 2021. Því virðist ljóst að nýting aðgerðarinnar mun ekki ná ytri mörkum áætlaðs kostnaðar skv. frumvarpinu. Að mati samtakanna mun sú breyting sem lögð er til í umsögninni bæta nýtingu aðgerðarinnar og þar með þjóna markmiðum frumvarpsins betur en núverandi útfærsla.

a. Rekstrarkostnaður



Í frumvarpinu er rekstrarkostnaður skilgreindur í 4. tölul. 3. gr. í samræmi við rekstrarkostnað skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, að frátöldum niðurfærslum og fyrningum eigna. Er um hefðbundna skilgreiningu á hugtakinu rekstrarkostnaður að ræða fyrir utan niðurfærsluna og fyrningu eigna. Inni í því er því reiknað endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu.

b. Viðspyrnustyrkur tengdur við stöðugildi í umsóknarmánuði

Í 5. gr. kemur skýrt fram að viðspyrnustyrkir séu tengdir við hvert stöðugildi hjá rekstraraðila í mánuðum sem um ræðir (umsóknarmánuði). Í greininni og greinargerð með frumvarpinu eru tiltekin nokkur dæmi til útskýringar.

Samkvæmt þeim getur rekstraraðili með fimm stöðugildi fengið 2 milljónir króna ef tekjufall hans var á bilinu 60–80% eða 2,5 m.kr. ef tekjufall hans var meira en 80%. Ekki er unnt að fá hærri styrk en 2 m.kr. ef tekjufall var á bilinu 60–80% og 2,5 m.kr. ef tekjufall var meira en 80% vegna stakra almanaxsmánaða þótt stöðugildi hafi verið fleiri en fimm.

Útreikningur á styrkfjárhæð er því miðaður við fjölda stöðugilda í umsóknarmánuði skv. reglunni: $(\text{fjöldi stöðugilda í umsóknarmánuði}) \times 400/500 \text{ þús.} = \text{styrkfjárhæð}$

Fyrrgreind túlkun er meginregla varðandi styrkveitingu. Að auki getur styrkfjárhæð þannig reiknuð ekki orðið hærri en 90% af rekstrarkostnaði fyrirtækisins í umsóknarmánuði, skv. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

c. Undantekningar frá ofangreindu varðandi rekstrarkostnað og stöðugildi

Í 2. mgr. 5. gr. er mælt fyrir um undantekningu frá meginreglunni um rekstrarkostnað. Þar kemur fram heimild fyrir rekstraraðila sem ber að reikna sér endurgjald (ráðandi aðilar) til að reikna til rekstrarkostnaðar sömu fjárhæð og hann gjaldfærði vegna reiknaðs endurgjalds í þeim mánuði í skattframtali rekstrarársins 2019. Nýti rekstraraðili heimildina er heimilt að miða útreikning styrkfjárhæðar við stöðugildi í sama mánuði 2019 skv. 3. másl. 2. mgr. 5. gr.

Hámark styrkfjárhæðar fyrir rekstraraðila sem nýtir heimildir 2. mgr. 5. gr. skal því vera jafnt 90% af rekstrarkostnaði rekstraraðila þann almanaxsmánuð sem umsókn varðar (þó aldrei hærri en tekjufall hans) að frádregnu reiknuðu endurgjaldi þess mánaðar og að viðbættu reiknuðu endurgjaldi í sama almanaxsmánuði í skattframtali rekstrarársins 2019.

Með öðrum orðum þá er viðspyrnustyrkurinn fyrir þessa aðila eftirfarandi:

- 90% af rekstrarkostnaði rekstraraðila þann almanaxsmánuð sem umsókn varðar.
- Aldrei hærri fjárhæð en sem nemur tekjufalli rekstraraðila í viðkomandi mánuði.
- Að frádregnu reiknuðu endurgjaldi fyrir árið 2020 fyrir þann mánuð.
- Að viðbættu reiknuðu endurgjaldi í þeim mánuði í skattframtali rekstrarársins 2019.
- Hámark viðspyrnustyrksins er þó ávallt tengt hámarkinu um stöðugildi.

d. Hverjir eru ráðandi aðilar?

Fjallað er um ráðandi aðila í 58. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Inntak þeirrar greinar er að reikna skuli endurgjald við eigin atvinnurekstur. Aðili verður ráðandi enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- og stjórnunaraðilar. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila.

Rekstraraðilar sem þetta á við um falla því undir fyrrgreinda undantekningu 2. mgr. 5. gr.



e. Undantekningin um stöðugildin

Þessir sömu aðilar geta einnig við útreikning á styrkfjárhæð miðað við fjölda stöðugilda í sama mánuði 2019 skv. 3. másl. 2. mgr. 5. gr. Því er um aðstöðumun rekstraraðila eftir því hvort þeir falla undir meginregluna eða undantekninguna.

Þeir aðilar sem falla ekki undir undantekninguna heldur undir meginregluna um að útreikningur styrkfjárhæðar skuli miðast við fjölda stöðugilda í umsóknarmánuði eru bundnir við að styrkur er í framkvæmd bundinn við greiðslu launa starfsmanna sem þegar eru í starfi eða eru ráðnir á grundvelli styrksins.

Þeir aðilar sem falla undir undantekningarákvæðið geta hins vegar nýtt styrkinn til greiðslu launa og/eða fastakostnaðar.

Taka má dæmi til skýringar af gististað á landsbyggðinni með 90% tekjufall, þar sem eigandi skilar ekki vinnuframlagi. Þessi rekstraraðili fellur ekki undir undantekningarákvæðið. Hann nýtti úrræði stjórnvalda sem birtist í lögum um að greiða hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti í lögum nr. 50/2020 og sagði upp öllu starfsfólki.

Þessi aðili er því með hámarks tekjufall en engin stöðugildi í umsóknarmánuði til að miða útreikning styrkfjárhæðar við. Hann getur því aðeins fengið viðspyrnustyrk ef hann ræður starfsfólk. Vandí fyrirtækisins er hins vegar að mestu fólgin í uppsöfnun fastakostnaðar og aukinni skuldsetningu sem mun hamla viðspyrnu og vexti fyrirtækisins þegar ferðavilji glæðist.

Núverandi útfærsla frumvarpsins kemur því ekki til móts við vanda þessa rekstraraðila og annarra í sömu sporum.

4. Nýting viðspyrnustyrkja – að ná utan um vandann

Staða fyrirtækja í ferðaþjónustu er afar misjöfn og vandi þeirra ólíkur eftir stærð og gerð. Til að aðgerð eins og viðspyrnustyrkir nái utan um vandann þarf að horfa til þess að hvert fyrirtæki geti nýtt styrkfjárhæðina til að koma til móts við vandann þar sem skóinn kreppir helst. Hjá sumum fyrirtækjum er fastur kostnaður erfiðasta úrlausnarefnið, hjá öðrum launagreiðslur og endurráðning lykilstarfsfólks. Hvort tveggja er mikilvægt til að tryggja kröftuga viðspyrnu.

Þegar litið er til nágrannalanda til samanburðar má sjá að aðgerðir sem beindu beinum styrkjum inn í fyrirtæki vegna tekjufalls af völdum faraldursins voru settar fram strax síðastliðið vor af stjórnvöldum t.d. í Noregi, Danmörku og Þýskalandi. Þessar aðgerðir voru endurnýjaðar nú í haust með auknu fjármagni og t.d. í Noregi einskorðaðar við ferðaþjónustufyrirtæki. Þessum aðgerðum er sammerkt að engar takmarkanir eru lagðar á það með hvaða hætti fyrirtæki nýta styrkféð (til að greiða laun eða fastan kostnað) heldur er stjórnendum hvers fyrirtækis treyst til að meta það með hvaða hætti er skynsamlegast að nýta styrkféð.

Hér á landi felst mikilvægt fordæmi um þessa sömu nálgun í útfærslu tekjufallsstyrkja, þar sem engar hömlur eru lagðar á nýtingu styrkfjárins, hvorki beinar né óbeinar, þ.e. það er ekki tengt beint við greiðslu launa eða kröfur um viðhald ráðningarsambands. Stjórnendur fyrirtækja munu því geta nýtt styrkfé tekjufallsstyrkja eins og best hentar í hverju fyrirtæki, sem er afar mikilvægt vegna mismunandi þarfa mismunandi fyrirtækja til að undirbúa viðspyrnu vorsins.



Samtökin telja afar mikilvægt að hið sama gildi um styrkfé sem rekstraraðilar hljóta með viðspyrnustyrkjum og benda á, eins og farið er yfir hér að ofan, að í núverandi útfærslu frumvarpsins er það ekki raunin í framkvæmd. Skv. meginreglu frumvarpsins um að útreikningur styrkfjárhæðar skuli miða við stöðugildi í umsóknarmánuði mun styrkurinn einungis geta nýst fyrirtækjum til að greiða launakostnað.

5. Breytingatillaga og áhrif hennar á framkvæmd og nýtingu viðspyrnustyrkja

Af ofangreindum ástæðum leggja Samtökin til þá breytingu á frumvarpinu sem kemur fram í upphafi umsagnarinnar, að öllum rekstraraðilum sem sækja um viðspyrnustyrk verði heimilt að miða útreikning á styrkfjárhæð við fjölda stöðugilda í sama almanaksmánuði 2019.

Í núverandi frumvarpi er þessi heimild aðeins sett fram sem undantekningarregla fyrir rekstraraðila sem nýta heimild 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Mikilvægt er að athuga að breytingin hefur ekki áhrif til hækkunar á áætluð ytri kostnaðarmörk aðgerðarinnar heldur eykur aðeins nýtingu aðgerðarinnar innan áætlaðra kostnaðarmarka.

Áhrifin af breytingunni má draga saman í stuttu máli:

- Útreikningur styrkfjárhæðar tekur eðlilegra mið af stöðu fyrirtækjanna í virðisdeðju ferðaþjónustunnar áður en faraldurinn hófst og þar með líklegri stöðu í viðspyrnunni.
- Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 5. gr. tryggir að þrátt fyrir þetta verði styrkfjárhæð aldrei hærri en 90% af rekstrarkostnaði núverandi umsóknarmánaðar. Það viðmið verður því hinn rauntakmarkandi þáttur styrkuppheðarinnar – ekki fjöldi stöðugilda.
- Að því gefnu að fyrirtækið uppfylli önnur skilyrði fær það styrkuppheð sem er líklegri til að nálgast eða ná að hámarki 90% af rekstrarkostnaði fyrirtækisins í umsóknarmánuðinum.
- Fyrirtækið getur þá betur ráðstafað styrknum eins og þörf er á (eins og gildir um tekjufallsstyrki og sambærilega styrki í nágrannalöndum) til að greiða fastan kostnað *og/eða* laun, þ.e. styrkurinn er ekki í framkvæmd bundinn við að greiða launakostnað núverandi eða nýrra stöðugilda í umsóknarmánuði.
- Þetta þýðir að aðgerðin nær mun betur utan um mismunandi vanda mismunandi fyrirtækja. Framkvæmdin þjónar þannig betur markmiðum frumvarpsins.

Breytingin hefur einnig áhrif á samspil styrkfjárhæða við upphæðir tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Hámarksuppheð styrks á hvert stöðugildi er 500 þús. kr. sem þýðir að heildar launakostnaður fyrirtækis (laun og launatengd gjöld) getur þá hæst verið 500 þús. kr. Tekjulaus fyrirtæki eiga í yfirgnæfandi meirihluta tilfella ekki í annað fjármagn að sækja til að greiða laun, enda er hluti af markmiði viðspyrnustyrkja að koma til móts við þá stöðu.

Það þýðir í framkvæmd að í yfirgnæfandi meirihluta tilfella munu fyrirtæki sem vilja nýta viðspyrnustyrk til að ráða starfsmann aðeins geta boðið starfsfólki heildarlaun sem eru rúmlega 30 þús. kr. lægri að upphæð en hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Með breytingunni sem lögð er til munu fyrirtæki betur geta ráðstafað styrkfjárhæðinni til að koma til móts við þetta.

a. Dæmi um áhrif á nýtingu

Eftirfarandi dæmi skýrir muninn á framkvæmd og nýtingu viðspyrnustyrkja annars vegar miðað við núverandi frumvarp og hins vegar með breytingunni sem lögð er til.



Fyrirtæki sækir um viðspyrnustyrk fyrir desember 2020. Fyrirtækið er 25 herbergja hótél á landsbyggðinni. Fyrirtækið var með 9 stöðugildi í desember 2019 en er með eitt stöðugildi í desember 2020 (tvo starfsmenn í 50% hlutabótaleið). Öðru starfsfólki hefur verið sagt upp. Fyrirtækið fellur ekki undir undantekningarákvæði 2.mgr. 5.gr. frumvarpsins. Tekjufall fyrirtækisins er 90%. Rekstrarkostnaður fyrirtækisins í desember er 1,8 milljónir að meðtöldum launakostnaði.

Skv. núverandi frumvarpi	Skv. breytingatillögu
<p>Styrkfjárhæð er reiknuð út frá stöðugildum í umsóknarmánuði</p> $1 \times 500.000 = 500.000 \text{ kr.}$	<p>Heimild til að miða útreikning styrkfjárhæðar við stöðugildi í desember 2019 er nýtt. Hámarki stöðugilda náð = 5</p> $5 \times 500.000 = 2.500.000 \text{ kr.}$
<p>Styrkfjárhæðin er undir 90% af rekstrarkostnaði í desember 2020</p> <p>Styrkfjárhæðin er 500.000 kr.</p>	<p>Styrkfjárhæðin getur ekki orðið hærri en 90% af rekstrarkostnaði fyrirtækisins:</p> $90\% \text{ af } 1.800.000 \text{ kr.} = 1.620.000 \text{ kr.}$
<p>Viðspyrnustyrkur nýtist aðeins til að greiða hluta fyrirtækisins í launakostnaði starfsmannanna tveggja. Styrkur nýtist ekki til að greiða fastan kostnað.</p> <p>Fyrirtækið þarf að bæta við stöðugildum til að fá hærri styrk.</p>	<p>Styrkfjárhæðin er 1.620.000 kr.</p> <p>Styrkfjárhæðin nýtist til að greiða laun starfsmannanna tveggja og hluta af föstum kostnaði fyrirtækisins í desember.</p> <p>Fyrirtækið getur eftir sem áður notað styrkinn til að bæta við starfsfólki ef þörf krefur.</p>

Dæmið sýnir að með breytingunni nýtist viðspyrnustyrkurinn fyrirtækinu mun betur þar sem úrræðið nær betur utan um vanda fyrirtækisins, viðspyrna þess verður því kröftugri og markmiðum frumvarpsins er betur þjónað.

Þar sem nokkur fjöldi minni- og örfyrirtækja í ferðaþjónustu loka starfsemi yfir vetrartímann vegna árstíðasveiflu er mikilvægt að um heimildarákvæði sé að ræða en ekki skylduákvæði.

6. Breytingatillaga

Samtökin leggja til að undantekningarákvæði 3. másl. 2. mgr. 5. gr. verði breytt í almenna heimild sem gildi fyrir alla rekstraraðila, en ekki eingöngu þá rekstraraðila sem falla undir 1. másl. 2. mgr. 5. gr.

Neðangreindar breytingar verði því gerðar á frumvarpinu:

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 5. gr. falli brott.

2. gr.



Á eftir 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Við umsókn rekstraraðila er heimilt að miða útreikning á styrkfjárhæð við fjölda stöðugilda í sama mánuði 2019.

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka atvinnulífsins

A handwritten signature in blue ink that reads 'Jóhannes Pór Skúlason'.

Jóhannes Pór Skúlason
framkvæmdastjóri SAF

A handwritten signature in blue ink that reads 'Halldór Benjamín Þorbergsson'.

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri SA